

Betty Roe

Madam's Three Callers

Betty Roe er fædd í London árið 1930 og byrjaði ung að læra á píanó. Um tvítugt starfaði hún við kórstjórn og vantaði þá oft verk til flutnings. Hún tók þá til við að semja verk sem hentuðu. Roe hefur aðallega skrifað kórlög, sönglög, söngleiki og tónlist fyrir börn og segir á heimasíðu sinni, www.bettyroe.com, að markmið hennar sé „að skemmta“. Hún syngur sjálf og spilar á píanó og selló.

Það má segja að *Madam's Three Callers* séu æringjalögin á efnisskránni. Tónmálið er stundum dálítið djassað eða spunakennt og textinn, sem er fremur gamansamur, er látinn ráða för. Ljóðin eru eftir Langston Hughes og innihald þeirra er eftirfarandi:

i. Hér segir frá heimsókn eftirlitsmannsins til Madam Albertu K. Johnson og ágreiningi þeirra um hvernig skrifa eigi nafnið hennar.

ii. Hér heimsækir Dauðinn sjálfur Madam Albertu K. Johnson. Það kemur þó í ljós að heimsókn þessi hefur ekki eins afdrifaríkar afleiðingar og ætla mætti.

iii. Síðasta heimsóknin sem Madam Alberta K. Johnson fær að þessu sinni, er frá séra Butler. Að þeirri heimsókn lokinni er hún ekki í skapi til að syndga - að minnsta kosti ekki þann daginn.

Bóra Marteinsdóttir

Pula

Eins og fyrr er getið eru fá verk til fyrir selló, flautu og sópranrödd og höfum við einsett okkur að bæta úr því. Við fengum því Bóru Marteinsdóttur, eitt af efnilegri tónskáldum yngri kynslóðarinnar til að semja fyrir okkur og útkoman var þetta gullfallega verk, *Pula*, sem við erum afar ánægðar með að frumflytja nú.

Bóra Marteinsdóttir lærði á píanó í Tónlistarskóla Kópavogs og hélt áfram píanónámi í Tónlistarskólanum í Reykjavík meðfram tónsmíðanámi. Hún útskrifaðist úr tónfræðadeild skólans árið 2001. Þá hélt hún til Gautaborgar og lauk M.A. prófi í tónsmíðum 2005. Hún starfar nú á Íslandi sem tónskáld og kórstjóri. Frekari upplýsingar um Bóru má finna á heimasíðu hennar www.thm.is.

Textinn við *Pulu* er hinn alkunni „Tunglið, tunglið taktu mig“ og Bóra kveðst hafa hugsaði sér Þórunni Elínu vera að raula þuluna fyrir fjögurra mánaða dóttur sína.

Sumartónleikar

í

Listasafni Sigurjóns Ólafssonar

Tónafljóð

Þórunn Elín Pétursdóttir sópran

Hafdís Vigfúsdóttir flauta

Sigrún Erla Egilsdóttir selló



Þriðjudaginn 25. júlí 2006 kl. 20:30

Porkell Sigurbjörnsson

Þrjár þjóðlagaútsetningar

Porkell lærði á píanó í Tónlistarskólanum í Reykjavík og stundaði framhaldsnám í tónsmíðum í Bandaríkjunum. Hann hefur um langt árabíll verið áberandi í íslensku tónlistarlífi og á að baki farsælan feril sem tónskáld. Þjóðlagaútsetningar hans fyrir sópran, flautu og selló urðu hvatinn að samstarfi okkar þriggja fyrir um ári síðan. Hljóðfæraskipan þessi er fremur óvenjuleg en mjög fögur og eftir því sem við vitum best, eru þessar útsetningar það eina sem ritað hefur verið fyrir þessi hljóðfæri fram til þessa.

Snorri Sigfús Birgisson

Lysting er sæt að söng

Snorri Sigfús lauk einleikarprófi á píanó árið 1974 frá Tónlistarskólanum í Reykjavík. Þá hélt hann til Bandaríkjanna til framhaldsnáms í píanóleik. Hann nam síðan tónsmíðar í Osló og Amsterdam. Frá 1980 hefur hann starfað á Íslandi sem tónlistarmaður. Nánari upplýsingar um Snorra má finna á heimasíðu hans: notendur.centrum.is/~ssb/. *Lysting er sæt að söng* eru útsetningar Snorra Sigfúsar á fjórum lögum úr handritum frá 17. öld og er eitt þeirra við veraldlegan texta, tvö við trúarlegan, og það síðasta er vókalísa. Laglinan er að mestu óbreytt úr handritunum en sellóröddinni bætt við.

Hafliði Hallgrímsson

Verse I (sjávarnóktúrna)

“Waves of sea and time wash away memories of love”

Hafliði Hallgrímsson er fæddur á Akureyri árið 1941. Hann er sellóleikari og gegndi stöðu fyrsta sellóleikara í Scottish Chamber Orchestra, þar til hann helgaði sig alfarið tónsmíðunum árið 1983. Hann hefur hlotið alþjóðlegar viðurkenningar fyrir tónsmíðar sínar, m.a. fyrstu verðlaun í „Viotti International Competition“ tónsmíðakeppninni á Ítalíu árið 1975 fyrir verkið *Verse I*. Það var skrifað fyrir kanadíska flautuleikarann Robert Aitken sem frumflutti það ásamt Hafliða í Purcell Room í London 4. maí 1975. Hafliði notar hljóðfærin til að ná fram ólíkum „effektum“ og skapa sérstakan hljóðheim. Hljóðin sækir Hafliði í hljóðheima hafsins eða eins og segir í undirtitli verksins, „öldur hafs og tíma skola burtu minningum um ástina“.

Jacques Ibert

Deux Stèles Orientes

Deux Stèles Orientes er elsta verkið á efnisskránni, samið árið 1926 við ljóð eftir Victor Segalen. Innihald ljóðsins er á þessa leið:

i. Hér er ástvinu líkt við vatnið, hún hefur skírt bros og fljótandi hreyfingar. En hún veit einnig hvernig á að vekja eldinn. Það er erfitt að fanga vatnið; það rennur frá þeim ástfangna, sem hleypur á eftir því og reynir að teygja það, en finnur aðeins mold.

ii. Forspár fyrir fyrirhugað hjónaband eru allar slæmar. En þrátt fyrir þær skal brúðkaupið haldið.

Efnisskrá

Porkell Sigurbjörnsson
f. 1938

Þrjú íslensk þjóðlög

- útsett fyrir sópran, flautu og selló
Guð gaf mér eyra
Hvað flýgur mér í hjarta blítt
Einn Guð í hæðinni

Snorri Sigfús Birgisson
f. 1954

Lysting er sæt að söng

- fyrir sópran og selló
i Músículof
ii Sálmur
iii Hvítasunnukvæði
iv Vókalísa

Hafliði Hallgrímsson
f. 1941

Verse I

- fyrir flautu og selló

Jacques Ibert
1890 – 1962

Deux Stèles Orientées

- fyrir sópran og flautu
i Mon amant a les vertus de l'eau...
ii On me dit...

Betty Roe
f. 1930

Madam's Three Callers

- fyrir sópran og selló
i Madam and the Census Man
ii Madam and the Wrong Visitor
iii Madam and the Minister

Þóra Marteinsdóttir
f. 1978

Þula

- fyrir sópran, flautu og selló
– frumflutningur –

Þórunn Elín Pétursdóttir sópran, stundaði nám við Tónlistarskólann í Reykjavík og Listaháskóla Íslands undir handleiðslu Elísabetar Erlingsdóttur. Þaðan lauk hún B. Mus. prófi vorið 2004. Veturinn 2002 – 2003 var hún skiptinemi við Universität der Künste í Berlín. Aðalkennari hennar þar var Ute Niss prófessor, en einnig sótti hún söngtíma hjá Beatrice Niehoff. Þórunn Elín fór með hlutverk Saffiá í uppsetningu Óperustúdíós LHÍ og Íslensku Óperunnar á *Sígaunabaróninum* í apríl 2004. Hún hefur sótt mörg meistaranámskeið í söng bæði heima og erlendis, m.a. hjá Joy Mammen, Mark Wildman, Franco Castellana, Karan Armstrong, Martha Sharp og Giovanna Canetti. Hún var einn þátttakenda í Ljóðaakademíu Kristins Sigmundssonar og Jónasar Ingimundarsonar í Salnum í Kópavogi vorið 2005. Hún hefur sungið með ýmsum kórum, haldið einsöngstónleika og komið fram sem einsöngvari við ýmis tækifæri. Þórunn hefur BA gráðu í uppeldis- og menntunarfræðum og heimspeki, auk kennsluréttinda frá Háskóla Íslands. Samhliða söngnum starfar hún sem tónmenntakennari.

Sigrún Erla Egilsdóttir hóf sellónám átta ára gömul hjá Pétri Þorvaldssyni. Hún tók hlé frá tónlistarnáminu en að loknu BA námi í sálarfræði frá Háskóla Íslands lágu leiðir hennar og sellósins saman aftur og hún stundaði nám hjá Lovísu Fjeldsted, Sigurgeiri Agnarssyni og Gunnari Kvaran. Undir handleiðslu hins síðastnefnda lauk hún B. Mus. gráðu frá Tónlistardeild Listaháskóla Íslands árið 2004. Sigrún hefur auk þess sótt námskeið m.a. hjá Shauna Rolston, Martin Loveday and Roland Vamos. Hún hefur haldið tónleika með Hafðisi Vigfúsdóttur flautuleikara og tríóinu *Tónafljóðum*, tekið þátt í frumflutningi og upptökum á nýjum íslenskum tónverkum. Hún starfar sem sellókennari í Reykjavík.

Hafðís Vigfúsdóttir lærði á flautu hjá Guðrúnu Birgisdóttur í Tónlistarskóla Kópavogs og tók þaðan burtfararpróf haustið 2002. Þá hóf hún nám við tónlistardeild Listaháskóla Íslands hjá Martial Nardeau, þaðan sem hún lauk B.Mus. prófi vorið 2005. Í janúar 2005 kom Hafðís fram sem einleikari með Sinfóníuhljómsveit Íslands og lék verk eftir Carl Nielsen og Mozart. Frá hausti 2005 hefur Hafðís stundað flautunám hjá Patrick Gallois í París og auk þess sótt tíma hjá ýmsum kennurum í París, á Ítalíu og í London.

Þórunn Elín Pétursdóttir soprano, studied at the Reykjavík College of Music, and the Iceland Academy of the Arts, with Elísabet Erlingsdóttir, and finished her B. Mus. degree in 2004. As an exchange student, she spent a year in Berlin studying with prof. Ute Niss at the Universität der Künste. She performed the role of Saffi, in Johann Strauss' *The Gipsy Baron*, in the Opera Studio in Reykjavík. She has attended numerous masterclasses in Iceland and abroad, e.g. with Joy Mammen, Franco Castellana, Giovanna Canetti, Karan Armstrong and Martha Sharp. Pétursdóttir has appeared in numerous concerts as a soloist or in groups and choirs. Besides her musical career she has earned a degree in pedagogy and philosophy from the University of Iceland.

During her childhood **Sigrún Erla Egilsdóttir** studied the cello with Pétur Þorvaldsson in Reykjavík. After finishing her BA-degree in Psychology at the University of Iceland, she returned to the cello, now under the supervision of Lovísa Fjeldsted, and Sigurgeir Agnarsson. She completed her B.Mus. degree from the Iceland Academy of the Arts in 2004 where her main teacher was Gunnar Kvaran. Egilsdóttir has participated in masterclasses with Shauna Rolston, Martin Loveday and Roland Vamos. She has performed with *Trío Tónafljóð* and participated in recordings and performances of contemporary Icelandic music. Currently she teaches the cello in Reykjavík.

Hafðís Vigfúsdóttir studied the flute with Guðrún Birgisdóttir at Kópavogur Music School and graduated 2002. She continued her studies at the Iceland Academy of the Arts and received the B. Mus. degree in the spring of 2005. In January 2005 Vigfúsdóttir performed as a soloist with the Iceland Symphony Orchestra, earned as the prize of a young soloist competition in Iceland. From the fall 2005 she has studied with flutist Patrick Gallois in Paris and has also taken lessons with various professors in Paris, Italy and London.